

34. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 8. mars 2006

Haldinn miðvikudaginn 8. mars, 2006 hjá Samorku við Suðurlandsbraut.

Mætt: Helga Tulinius, Hildur Gestsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Benedikt Steingrímsson og Bjarni Reykr Kristjánsson sem ritaði fundargerð.

Barnaheill

Staðan er óljós en ekki víst um framhaldið. Gæti komið til greina að einhverjir úr stjórn Alnæmisbarna hitti stjórn Barnaheilla og kynni verkefnið.

Morgunblaðið

Kynning í tengslum við aðalfundinn. Sigríður Víðisdóttir mun ræða við Hildi, Maríu og Gulla. Láta hana hafa efni og benda henni á heimasíðuna. Þórunn mun tala við Sigríði og tengja saman mannskapinn.

Aðlafundur

Þórunn hefur lagt inn beiðni um að fá að halda aðalfundinn hjá RKÍ, þann 29. mars. Senda þarf út dagskrá fundarins með a.m.k. viku fyrirvara.

Við munum reyna að fá fyrirlestur frá Gulla á aðalfundinum og einnig að fá Gest til að flytja fyrirlesturinn sem ekki var haldinn á félagsfundinum í desember.

Skýrsla

Þórunn mun kynna skýrsluna á næsta fundi fyrir aðalfund.

Reikningar

María hefur farið yfir bókhaldið. Svólítið af fólki sem ekki hefur greitt árgjald. Leggjum það til að stuðningsaðilar verði sjálfkrafa félagar og þurfi ekki að greiða árgjald sérstaklega.

Stjórnarmenn

Þórunn hefur talað við Sigurlaugu Hauksdóttur og hún er að hugsa málið.

Einnig búin að tala við Lilju Hjartardóttur. Hún er í félaginu og er að hugsa málið varðandi stjórnarþátttöku.

Fréttir frá CLF

Sigríður mannfræðinemi er að fara út núna 12. mars. Verkefnið mun svolítið þróast á staðnum. Hildur leggur til að Alnæmisbörn styrki Sigríði til ferðarinnar. Kertasjóðurinn á 200.000 kr og stjórnin samþykkir að við styrkjum Sigríði um 50.000 kr.

15 stelpur er skráðar í skóla. 8 í gagnfræðiskóla, 3 í barnaskóla, 3 í hárgreiðslu, 1 í leikskólakennara. Hildur er með lista yfir 10 stelpur sem mæta til CLF. Alls eru þetta því 25 stelpur.

Þrjár stúlkur í verknámi kláruðu nú um áramótin. Þær eru nú í starfsþjálfun og hættar hjá CLF. Ein stelpa hætti í skóla og fór aftur í kertagerðin á síðasta ári. Ein stelpa hætti hjá CLF og fór í sveitina til móður sinnar. 6 nýjar stelpur komu inn á síðasta ári.

Plan B – Fjáröflunarhópurinn

Kalla saman fund. Fara yfir stöðuna. Hvað getum við gert.

Kortleggja mögulegar leiðir til fjáröflunar. Sækja í sjóði sem fyrirtæki eru með.

Fjáröflunarhópur skili þessi tillögum fyrir næsta fund